

mannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 20 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mr. 10/1882

J. Ó. V. Jónsson
 gegn
 Egli Hallgrímssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af Jóni prentara Jónssyni fyrir hönd Jóns verzlunarstjóra Jónssonar í Reykjavík gegn Egli bónda Hallgrímssyni í Austurkoti í Vogum til lúkningar á kaupstaðarskuld að upphæð 926 kr. 43 a., er Egill á að hafa skuldað hinni svo nefndu Liverpoolsverzlun, eða verzlun S. Jacobsens & Co. hjer í bænnum; en Jón Jónsson verzlunarstjóri tjáir sig vera eiganda að öllum skulda-kröfum nefndrar verzlunar. Með dómi, kveðnum upp í máli þessu fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 15. marzmán. þ. á., er Egill Hallgrímsson dæmdur sýkn af kærnum og kröfum sækjandans í málinu, og málskostnaður látinn falla niður, en þeim dómi hefur Jón verzlunarstjóri Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 2. maí þ. á. og krafizt, að sjer verði dæmt hjá hinum stefnda Egli Hallgrímssyni hin umþrætta skuld 926 kr. 43 a. með 4^o/_o vöxtum frá sáttakærudegi til þess að allri skuldinni er lokið, og málskostnaður fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, en geti það

ekki orðið, þá að úrslit málsins verði látin vera komin undir eiði sínum, og að málskostnaður fyrir báðum rjettum, hver svo sem úrslitin verða, verði sjer dæmdur með 100 krónum eða einhverju nægilegu. Skjöl máls þessa bera með sjer, að samkvæmt löggiltri höfuðbók við verzlun þá, sem verzlunarfjelagið S. Jacobsen & Co. rak fyrir mörgum árum hjer í Reykjavík, skuldaði hinn stefndi, Egill bóndi Hallgrímsson í Vogum, tjeðri verzlun í júnímánuði, 1869: 463 rd. 21 sk. eða í nú gildandi peningum 926 kr. 43 a. Árið áður virðist svo sem nefnt verzlunarfjelog hafi orðið gjaldþota, því sumarið 1869 sendi R. B. Symington & Co. í Glasgow kaupmann þorlák Jóhnnsson hingað til landsins til að heimta saman skuldakröfur þrotabús S. Jacobsens & Co.; ljet þá Þorlákur Johnsson málsfærslumann sinn krefja hinn stefnda um á minnsta skuld, en hinn stefndi mótmælti skuldinni, taldi sig eiga meira hjá þrotabúinu en það ætti hjá sjer, og lagði fram mótreikning, var þá öll skuldheimta á hendur hinum stefnda að því sinni látin niður falla, og hefur Þorlákur Johnsson skýrt svo frá, að málsfærslumaður sinn hafi álitid, að ekki mundi tiltök að hrekja mótreikninginn, sem ekki er kominn fram undir þessu máli, með málsókn, heldur mundi bezt, að skuldakrafan með honum fjelli niður. Síðan virðist skuldakröfu þessari ekki hafa verið hreyft fyr en áfrýjandinn var orðinn eigandi að skuldakröfum þrotabús S. Jacobsens & Co., og hann höfðaði mál það, sem hjer er undir áfrýjun.

Áfrýjandinn hefur haldið því fram, að hann hafi fært fulla sönnun fyrir kröfu sinni, og að það því

ekki sje nóg, þó hinn stefndi blátt og bert neiti skuldinni, heldur verði hann að sanna, að hann hafi borgað skuld þá, sem gefið er, að hafi átt sjer stað, en það hafi hann ekki gjört. Sönnun sú, sem áfrýjandinn þannig telur sig hafa fært fyrir skuldakröfu sinni, er aðeins í því fólgin, að hann hefur lagt fram staðfestan útdratt úr löggiltri verzlunarbók S. Jacobsens & Co. fyrir fyrra missiri ársins 1869, en á þeim útdrætti sjest ekki, hvernig skuldin, sem er hærrí í byrjun ársins 1869, en þegar reikningurinn er gjörður upp eptir lok júnímánaðar, er til komin, eins og heldur ekki er skráð í verzlunarbókinni um skuldina upp frá því. Slík sönnun fyrir skuldakröfu er ein útaf fyrir sig alsendis ónóg, því að eptir gildandi lögum, tilskip. 13. júní 1787, 2. kap. 18. gr. hafa löggiltar verzlunarbækur kaupmanna útaf fyrir sig ekkert sönnunargildi, heldur aðeins þegar þær eru bornar saman við löggiltar viðskiptabækur (kontrabækur), og eru þeim samhljóða, — en í þessu máli er engin löggilt viðskiptabók fram komin, er sanni skuld hins stefnda. En þó að áfrýjandinn þannig ekki hafi fært sönnun fyrir skuldakröfu sinni, þá gæti komið til greina, eins og áfrýjandinn einnig virðist halda fram, að hinn stefndi hafi játað uppá sig skuldina, eða í öllu falli ekki mótmælt henni, með því að hann hefur játað, að hann hafi átt skuldaskipti við verzlun S. Jacobsens & Co., og ekki sjerstaklega mótmælt upphæð þeirri, sem honum er talin til skuldar.

Í þessu efni er þess fyrst að gæta, að áfrýjandinn ekki hefur eignast skuldakröfu þá, sem hjer er um að ræða, með öðrum eða betri rjetti, en verzlun

S. Jacobsens & Co. átti hana, og að hann því verður að láta sjer lynda allar þær mótbárur gegn skuldinni, sem rísa af skuldaskiptum hins stefnda við tjeða verzlun, og þarnæst bera rjettargjörðirnar með sjer, að einu leytinu, að hinn stefndi stöðugt hefur mótmælt því, að hann hafi skuldað verzlun S. Jacobsen & Co. neitt, og haldið því fram, að hann hafi lagt meira inn í verzlunina, en hann hafi tekið þar út, og í annan stað, að verzlunarbókarútdráttur sá, sem áfrýjandinn byggir á skuldakröfu sína, eins og áður er sagt, ekki sýnir, hvernig skuldakrafan er til komin, svo að hinum stefnda ekki hefur gefizt kostur á að rannsaka reikninginn, sem þar á ofan er meira en 12 ára gamall, og lýsa yfir, hvort hann eða einstakir liðir hans eru rjettir eða rangir, enda hefur áfrýjandinn aldrei skorað á hann að láta slíka yfirlýsingu uppi.

Yfirdómurinn fær þannig ekki sjeð, að hinn stefndi hafi beinlínis eða óbeinlínis játað, að hann hafi verið í skuld við verzlun S. Jacobsens & Co. og getur þá ekki verið spurning um, að hann þurfi að sanna að hann hafi borgað þá skuld, sem hvorki er sönnuð upp á hann nje játuð af honum.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, verður yfirdómurinn að vera því samþykkur, að hjeradsdómarinn hefur dæmt hinn stefnda sýknan af kær-um og kröfum áfrýjandans í þessu máli, og ber því að staðfesta hjeradsdóminn einnig að því er snertir málskostnað í hjeraði. Málskostnaður fyrir yfirdóminum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hjéraðsdómurinn í þessu máli á óraskaður að standa. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 17. júlímán.

Nr. 9/1882

Ritstjóri Jón Ólafsson

gegn

Dr. Gr. Thomsen og

bæjarfógeta E. Th. Jónassen

Úrskurður:

Með gestarjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 16. febrúarmán. þ. á., er ritstjóri bladsins „Skuldar“ alþingismaður Jón Ólafsson dæmdur til að greiða 40 kr. sekt og 10 kr. í málskostnað fyrir meiðyrði í blaði þessu Nr. 141, dags. 13. janúar þ. á., um alþingismann Dr. Grim Thomsen, og voru þau dæmd dauð og ómerk.

Áfrýjandinn, ritstjóri Jón Ólafsson, hefur nú stefnt dómi þessum til yfirdómsins til þess að hinn áfrýjaði dómur með undangengnum úrskurðum og annari málsmeðferð verði dæmdur ómerkur að nokkru eða öllu leyti með eða án heimvisunar, eða þá að dóminum og úrskurðunum verði hrundið og breytt, en til bráðabyrgða hefur hann í málsfærslu sinni gjört þá rjettarkröfu, að dómurinn með undangengnum úrskurðum verði dæmdur ómerkur að öllu eða nokkru leyti með eða án heimvisunar og að hinir stefndu alternativt eða in solidum verði dæmdir til að greiða málskostnað. Til vara hefur áfrýjand-